

REYKJAVÍKURHÉRAÐSDÓMUR



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

DÓMUR

30. júní 2017

Mál nr. E-2228/2016:
Stefnendur: Vilhjálmur Guðmundsson
Páll Guðmundsson
Ragnheiður Þ Guðmundsdóttir
Andri Þór Guðmundsson
(*Einar Páll Tamimi hdl.*)

Stefndi: Reykjavíkurborg
(*Ragnar Tómas Árnason hrl.*)

Dómari Ingibjörg Þorsteinsdóttir héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur föstudaginn 30. júní 2017 í máli nr. E-2228/2016:

Vilhjálmur Guðmundsson
Páll Guðmundsson
Ragnheiður Þ Guðmundsdóttir
Andri Þór Guðmundsson
(Einar Páll Tamimi hdl.)
gegn
Reykjavíkurborg
(Ragnar Tómas Árnason hrl.)

Mál þetta, sem var höfðað með birtingu stefnu 29. júní 2016, var dómtekið 20. júní sl. Stefnendur eru Vilhjálmur Guðmundsson, Lindarbergi 22 í Hafnarfirði, Páll Guðmundsson, Hæðaseli 3 í Reykjavík, Ragnheiður Þórunn Guðmundsdóttir, Hjallabrekku 15 í Kópavogi og Andri Þór Guðmundsson, Lindabergi 62 í Hafnarfirði. Stefndi er Reykjavíkurborg, Tjarnargötu 11 í Reykjavík.

Stefnendur krefjast þess að viðurkennt verði með dómi að breyting stefnda á íþróttamiðstöðinni Austurbergi 3 í Reykjavík, með uppsetningu myndar eftir listamanninn Erró, fari í bága við höfundarrétt Guðmundar Þórs Pálssonar, hönnuðar íþróttamiðstöðvarinnar. Þá krefjast þau málkostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda og greiðslu málkostnaðar úr hendi þeirra.

I.

Stefnendur eru erfingjar Guðmundar Þórs Pálssonar arkitekts sem féll frá í desember 2001. Íþróttamiðstöðin við Austurberg 3 er tvö sambyggð mannvirki, íþróttahús og sundlaug. Byggingarnar eru, ásamt fleiri mannvirkum á svæðinu, sem er skipulagt íþróttasvæði, hannaðar af Arkhönnun sf. og er Guðmundur Þór aðalhönnuður þeirra og höfundarréttthafi.

Umrætt íþróttasvæði var byggt upp í nokkrum áföngum á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Ýmsar viðbætur og breytingar hafa verið gerðar á svæðinu og var Guðmundi Þór falin hönnun þeirra flestra.

Framangreint íþróttahús og sundlaug eru tengd saman með stigahúsi sem er með bogadregnum vegg. Árið 2015 setti stefndi upp listaverk á bogadregna vegg stigahússins. Listaverkið, sem nefnt er Frumskógardrottningin, er myndverk eftir Erró,

gert úr sérhönnuðum keramikflísum. Áður var stigahúsið málað í steypulit. Uppsetning verksins er hluti af átaki borgarráðs stefnda um að fjölgum listaverkum í opnum rýmum í Breiðholti, í samræmi við tillögu þar að lútandi sem samþykkt var í borgarráði 6. febrúar 2013, en ákvörðun um uppsetningu þessa tiltekna listaverks var tekin af borgarstjórn 3. júní 2014.

Stefndi leitaði ekki eftir samþykki stefnenda fyrir uppsetningu verksins. Með bréfi lögmanns stefnenda til stefnda, dagsettu 18. desember 2014, er skorað á stefnda að ganga til viðræðna við stefnendur um málid þar sem að mati stefnenda sé uppsetning þess ekki heimil án samþykkis þeirra sem höfundarréttarhafa að byggingunni. Stefndi hafnaði því að uppsetning verksins gæti á nokkurn hátt talist vera breyting á höfundarréttarvarðri hönnun mannvirkisins og tilkynnti stefnendum þá afstöðu sína með bréfi dagsettu 10. febrúar 2015.

Stefnendur sætta sig ekki við framangreinda afstöðu stefnda og hafa höfðað þetta mál í því skyni að fá viðurkennt með dómi að brotið hafi verið gegn rétti þeirra sem höfundarréttihafa að umræddum byggingum.

II.

Stefnendur reisa kröfu sína á því að Guðmundur Þór Pálsson arkitekt hafi átt höfundarrétt að íþróttamiðstöðinni Austurbergi 3 í Reykjavík, sem þeir eigi lögvarða hagsmuni af að vernda. Hvað varðar aðild stefnenda og lögvarða hagsmunu þeirra vísa þau til 31. gr. og 2. mgr. 59. gr. höfundalaga nr. 73/1972.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. höfundalaga nr. 73/1972 eigi höfundur að bókmennaverki eða listaverki eignarrétt á því með þeim takmörkunum sem í lögnum greinir. Eftir 2. mgr. 1. gr. laganna telst byggingarlist vera eitt þeirra listforma sem 1. mgr. tekur til. Vafalaust sé að hönnun húsbygginga fylgi almennur höfundarréttur samkvæmt höfundalögum og jafnframt sé vafalaust að íþróttamiðstöðin Austurbergi 3 sé mannvirki sem falli undir ákvæði áðurnefndra lagaákvæða um höfundarrétt. Uppsetning Skógardrottningarinnar brjóti gegn höfundarrétti Guðmundar Þórs Pálssonar samkvæmt 2. mgr. 4. gr. höfundalaga. Með nefndu ákvæði laganna sé sæmdarréttur höfunda varinn en þar sé að finna bann við því að höfundarréttarvörðu verki sé breytt án samþykkis höfundar.

Uppsetning Skógardrottningarinnar feli vafalaust í sér breytingu á íþróttamiðstöðinni Austurbergi 3 sem fari í bága við sæmdarrétt Guðmundar Þórs Pálssonar og skerði höfundareinkenni hans í skilningi 2. mgr. 4. gr. höfundalaga. Útliti íþróttamiðstöðvarinnar sé breytt þannig að athygli veki, án samþykkis stefnenda. Ákvæði 13. gr. sömu laga, sem heimili breytingar í tilteknum tilgangi án samþykkis rétthafa, eigi ekki við í þessu tilviki.

III.

Stefndi reisir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því að umdeilt íþróttamannvirki njóti ekki verndar höfundarréttar samkvæmt lögum nr. 73/1972, hvorki heildstætt né einstakir hlutar þess. Til þess að bygging njóti höfundarréttar þurfi hún af bera tiltekin sérkenni, uppfylla skilyrði um tiltekna andlega sköpun og frumleika. Gerðar séu meiri kröfur í þessu efni þegar um byggingarlist sé að ræða heldur en verk á öðrum sviðum sem njóti höfundarréttar. Íþróttamiðstöðin og einstakir hlutar hennar séu fyrst og fremst hönnuð og byggð út frá notagildi og hagkvæmni. Hönnunin sé einföld og látlaus, einkennist af þekktum og hefðbundnum lausnum án frumlegrar sköpunar.

Jafnvel þótt talið yrði að byggingin nytí höfundarréttar þá hafi hún ekkert sérstakt byggingarlistarlegt gildi og af þeim sökum njóti hún minni verndar en verk sem teljist byggingarlist.

Þá komi vernd höfundarréttar almennt ekki í veg fyrir að eiganda mannvirkja sé heimilt að gera breytingar á ytra byrði þeirra. Alveg sérstaklega þurfi að standa á svo höfundur geta bannað eiganda slíkt. Stefndur hafi ekki gert tilraun til að rökstyðja að þannig standi á í þessu tilviki. Byggir stefndi á því að honum sé heimilt að klæða hluta byggingarinnar, svo sem hann hafi gert. Gildi um það sömu sjónarmið og gildi almennt um heimild eigenda mannvirkja til að mála eða klæða veggi eða rækta plöntur við eða á mannvirkjum. Ráði hann því sjálfur hvernig staðið sé að slíku verki.

Stefndi mótmælir því að uppsetning listaverksins brjóti gegn sæmdarrétti hönnuðar byggingarinnar skv. 2. mgr. 4. gr. höfundarréttarlaga. Sú málsástæða stefnenda sé auk þess óljós og ónákvæm. Í þessu efni hafi enga þýðingu sú staðhæfing stefnenda að með uppsetningu listaverksins sé útliti íþróttamiðstöðvarinnar breytt þannig að athygli veki. Umætt listaverk sé eftir heimspekkjan listamann og hafi verið sett upp að frumkvæði Listasafns Reykjavíkur. Reynt hafi verið að hafa samráð við stefnendur án árangurs og þau hafi ekki rökstutt með neinum hætti hvernig verkið kunni að brjóta gegn höfundarheiðri eða sérkennum verka Guðmundar Þórs. Þá hafi hann sjálfur ekki gert neinn áskilnað um að ekki mætti breyta ytra byrði mannvirkisins.

Loks byggja stefndu á því að jafnvel þótt byggingin teldist njóta höfundarréttar og að með uppsetningu verksins hafi verið brotið gegn sæmdarrétti höfundar, þá hafi það verið heimilt á grundvelli 13. gr. höfundalaga, sbr. 1. mgr. 26. gr. laganna. Með því að nýta mannvirkio undir listaverk hafi stefndi, sem eigandi byggingarinnar, verið að fylgja eftir stefnu sinni um að fjlóga listaverkum í almannarými í Breiðholti. Það hafi honum verið heimilt á grundvelli framangreindra ákvæða höfundalaga.

IV.

Í máli þessu byggja stefnendur á því að uppsætning umdeilda listaverks á utanhússvegg stigahúss byggingarinnar brjóti gegn sæmdarrétti hönnuðar þess sem varinn sé af 4. gr. höfundalaga nr. 73/1972. Nánar tiltekið byggja stefnendur á því að uppsætning veggflísanna með litskrúðugri mynd eftir Erró, skerði höfundarsérkenni byggingarinnar. Því er ekki nánar lýst í stefnu hver þau höfundarsérkenni séu sem stefnendur telja að njóti verndar samkvæmt umræddri grein höfundarlaga. Í munnlegum málflutningi fyrir dómi skýrði lögmaður stefnenda þessa málsástæðu á þann veg að átt væri við þau einkenni byggingarinnar að vera í lágstemmdum litum þar sem sléttir fletir væru hvítmálaðir en grófpússaðir veggir væru annað hvort ómálaðir eða grámálaðir.

Hvað sem líður ágreiningi aðila um sönnun þess hvort byggingin njóti verndar samkvæmt ákvæðum höfundalaga ber stefendum að minnsta kosti að sýna fram á hvaða höfundarsérkenni byggingin eða einstakir hlutar hennar hafa sem byggt er á að uppsætning umdeilda listaverks brjóti gegn. Engra gagna nýtur við um það hvaða þættir í hönnun byggingarinnar geti talist fela í sér sérkenni hennar. Ekki liggur fyrir hvort og þá hvernig höfundur hennar gekk frá fyrirmælum á teikningum eða með öðrum hætti hvað þessi sérkenni varðar. Ekki liggja heldur fyrir gögn frá öðrum aðilum sem varpað geta ljósi á þetta atriði. Staðhæfing stefnenda um að brotið hafi verið gegn sæmdarrétti höfundar byggingarinnar með því að skerða höfundarsérkenni verksins er því ósönnuð og bera stefnendur hallann af þeim sönnunarskorti. Þegar af þeirri ástæðu verður stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnenda.

Eftir þessari niðurstöðu, og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, verða stefnendur dæmdir til að greiða stefnda óskipt málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 560.000 krónur og er þá tekið tillit til virðisaukaskatts.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

DÓMSORÐ:

Stefndi, Reykjavíkurborg, er sýknaður af öllum kröfum stefnenda, Vilhjálms Guðmundssonar, Páls Guðmundssonar, Ragnheiðar Þórunnar Guðmundsdóttur og Andra Þórs Guðmundssonar. Stefnendur greiði stefnda óskipt 560.000 krónur í málskostnað.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir

Rétt endurrit staðfestir,

Héraðsdómi Reykjavíkur 29. júní 2017.



